



Reykjavík, 25. júní 2020

R20030010

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 54 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 25. júní 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. júní 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 10. júní 2020 á að falla frá breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarsundlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð staðfesti afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að skipulagsyfirvöld hafi séð að sér, séð að þetta hundagerði við Vesturbæjarlaug var illa hannað og skipulagt. Meðal galla var að hundagerðið var allt of lítið. Verst er að skipulagsyfirvöld skuli ekki hafa hlustað strax á hundaeigendur og varnaðarorð fjölmargra. Nú er búið að eyða tíma og fé borgarbúa í eitthvað sem var fyrirfram dæmt til að mistakast. Hönnun þessa hundagerðis var frá byrjun gölluð. Flokkur fólksins lagði fram margar bókanir og athugasemdir um hverju þyrfti að breyta til að gera gerðið fullnægjandi, bæði um stærð, lögun og girðingu, en ekki var hlustað þá. Mikilvægt er að hanna nýtt og gott hundagerði og gera það með hundaeigendum og íbúum.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Ekki er tekið undir það að hundagerðið hafi verið illa hannað og illa skipulagt. Samráð var til fyrirmynðar og var tekið undir sjónarmið íbúa enda kom hugmyndin fram í gegnum hugmyndasöfnun meðal þeirra.

Helga Björk Laxdal  
e.u.